



Reykjavíkurborg
- einn vinnustaður

STARFSLÝSING

Svið: Skóla- og frístundasvið

Vinnustaður: Grunnskóli

Starfsheiti : SFS.5330.yfirproskapjálfi

Starfsheiti næsta yfirmanns: Skólastjóri eða annar sem skólastjóri ákveður

Stéttarfélag : 5330

Ístarf númer:

Almennt um starfið

Markmið og tilgangur starfs

Yfirproskapjálfi starfar samkvæmt reglugerð um þroskapjálfa, siðareglum þroskapjálfa, lögum og reglugerðum um grunnskóla, lögum um málefni fatlaðra og öðrum lögum og reglugerðum sem við eiga. Einnig starfar hann eftir aðalnámskrá grunnskóla og stefnu viðkomandi grunnskóla. Yfirproskapjálfi starfar í sérdeild, sérskóla eða almennum grunnskóla og hefur aðalábyrgð með þroskapjálfun og/eða viðvarandi umsjón verkefna eða verkefnastjórnun á öllum aldurstigum. Yfirproskapjálfi veitir leiðsögn og ráðgjöf til foreldra, kennara og annarra starfsmanna og sinnir þroskapjálfun nemenda sem búa við skerðingu.

Verksvið eða megin verkefni

- Vinnur að áætlanagerðum, þ.m.t. bekkjaráætlunum, einstaklingsáætlunum og skólanámskrá í samráði/samstarfi við kennara, þroskapjálfa, stuðningsfulltrúa, foreldra og aðra aðila eftir því sem við á.
- Gerir færni-, þroska- og námsmat og skrifar umsögn (vitnisburð) í samráði/samstarfi við kennara, þroskapjálfa, stuðningsfulltrúa, foreldra og aðra eftir því sem við á.
- Skipuleggur þjálfunaraðstæður, velur/útbýr þjálfunar- og námsgögn og fylgir eftir settum markmiðum, metur árangur og endurskoðar markmið í samstarfi við samstarfsaðila.
- Skipuleggur og tekur þátt í markvissum atferlissinngripum.
- Annast þjálfun og fræðslu um fatlanir og þroskafrávik fyrir stuðningsfulltrúa og aðra starfsmenn skólans.
- Heldur skila-, teymis- og samráðsfundi með starfsmönnum skólans, foreldrum og öðrum aðilum, eftir því sem við á.
- Veitir foreldrum fatlaðra nemenda ráðgjöf og leiðbeiningar er lúta að fötlun þeirra.
- Aflar og miðlar upplýsingum vegna þarfa nemenda.
- Veitir ráðgjöf til kennara og þroskapjálfa almennra grunnskóla.
- Tekur þátt í kennara- og starfsmannafundum.
- Situr nemendaverndarráðsfundi þegar við á.
- Er staðgengill nánasta samstarfsfólks vegna tilfallandi forfalla.
- Ber aðalábyrgð á hjálpartækjum nemenda og sér til þess að þau séu rétt notuð.
- Skipuleggur og stjórnar teymisfundum með foreldrum og tengslastofnunum s.s frístundamiðstöðvum og skammtí mavistunum.
- Heldur utan um skráningar t.d vegna hegðunarfrávika, áverka og floga.
- Vinnur í þverfaglegum teymum.
- Vinnur önnur þau verkefni sem yfirmaður felur honum og eðlilegt getur talist að rúmist innan verksviðs yfirproskapjálfa.

Ábyrgð í starf

- Ber aðalábyrgð á þroskaþjálfun og umönnun nemenda á öllum aldurstigum.
- Ber aðalábyrgð á skipulagningu og samræmingu á áætlanagerð.
- Hefur aðalábyrgð á verkefnum er tengjast þroskaþjálfun.
- Ber aðalábyrgð á sérstökum verkefnum, s.s. atferlismeðferð.
- Annast samskipti við fjölskyldur nemenda.
- Ber aðalábyrgð á upplýsingagjöf og upplýsingaöflun vegna sérþarfa fatlaðra nemenda.
- Stendur vörð um réttindi fatlaðra nemenda og stuðlar að því að þeir njóti bestu þjónustu sem möguleg er á hverjum tíma.
- Stuðlar að jafnrétti og jákvæðum viðhorfum til fatlaðs fólks.
- Eflir og viðheldur fagþekkingu sinni með reglubundinni endur- og símenntun.
- Ber aðalábyrgð á hjálpartækjum nemenda svo sem hjólastólum, spelkum, sondu, tölvubúnaði og öðru sem á þarf að halda.
- Ber aðalábyrgð á atferlissinngripum.
- Ber aðalábyrgð á öruggri vörslu trúnaðargagna.

Grunnkröfur

Menntun og/eða réttindi sem krafist er:

- Þroskaþjálfarafræði, starfsleyfi til að starfa sem þroskaþjálfari.

Reynsla sem krafist er:

- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.

Hæfni sem krafist er:

- Hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð.
- Fjölbreytt áhugasvið sem nýtist í starfi.

Samskiptafærni og samstarfsaðilar í starfinu:

Daglega í samstarfi við foreldra, kennara, þroskaþjálfara, stuðningsfulltrúa og annað starfsfólk skólans, eftir því sem við á hverju sinni.

Sjaldnar í samstarfi við sérfræðinga, s.s. námsráðgjafa, sálfræðinga, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga, talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara, iðuþjálfara o.fl.

Yfirþroskaþjálfari er í samskiptum við stofnanir, s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð, BUGL, þjónustumiðstöðvar o.fl; í samráði við skólastjóra eða aðra stjórnendur skóla.

Vinnuaðstæður:

Vinnur við krefjandi aðstæður líkamlega. Andlega s.s. ofbeldi, alvarlegt áreiti, hótanir og ógnandi hegðun.


Vinnur með búnað t.d hjólastóla. lyftur o.fl.

Vinnur oft í húsnæði sem er ekki hannað með þarfir fatlaðra einstaklinga í huga.

Sérverkefni starfsmanna:

Annað:

Reykjavík, 23.10.2014


Undirskrift yfirmanns